

**138. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. júlí 2017 og  
hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Inga María Guðmundsdóttir aðalmaður, Björn Davíðsson formaður og Ingólfur Hallgrímur Þorleifsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. 100 ára fullveldisafmæli - 2017050085**

Lagður fram tölvupóstur Svandísar Ingimundardóttur, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 18. maí sl., vegna hátíðarhalda í tengslum við 100 ára fullveldisafmæli þjóðarinnar. Leitað er eftir þátttöku skóla, sveitarfélaga og félagasamtaka.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 976. fundi sínum 29. maí sl., og vísaði til atvinnu- og menningarmálanefndar.

*Atvinnu- og menningarmálanefnd vekur athygli á að áhugasamir hafa möguleika á að sækja um styrk til að standa fyrir hátíðarhöldum í tengslum við 100 ára fullveldisafmæli þjóðarinnar á árinu 2018 og hvetur nefndin áhugasama á að kynna sér málið frekar.*

**2. Bæjarlistamaður 2017 - 2016040065**

Tilnefning bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar 2017.

*Atvinnu- og menningarmálanefnd hefur tekið ákvörðun um hver hljóti nafnbótina bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar 2017. Tilnefningin verður kynnt á Act alone hátíðinni. Atvinnu- og menningarmálanefnd felur bæjarritara að skipuleggja afhendinguna.*

**3. Viðurkenningin Sómi Ísafjarðar - 2016030004**

Umræður um tillögur að reglum um Góðborgara Ísafjarðarbæjar í framhaldi af síðasta fundi nefndarinnar.

*Bæjarritari greindi frá hugmyndum sem fram hafa komið varðandi hönnun viðurkenningargrips fyrir Góðborgara Ísafjarðarbæjar. Atvinnu- og menningarmálanefnd óskar eftir því við bæjarstjórn að fjárveiting fái til að vinna að hönnun viðurkenningargrips.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:35**

---

Inga María Guðmundsdóttir

---

Björn Davíðsson

---

Ingólfur Hallgrímur  
Þorleifsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir